

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 106/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Arnari Hauki Ævarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Líkamsmeiðingar af gáleysi. Ökuleyfis-
svipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur dómari.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýj-
aða dóm.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds 7. mars
1989 í því skyni, að refsing yrði þyngd og ökuleyfisvæðing lengd.

Í héraðsdómi segir, að 24. apríl 1984 hafi ákærði gert sátt vegna
brota á 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum. Fram
er komið, að ákærði er ekki sá maður, sem gerði þessa sátt.

Í ákæru er sú bersýnilega ritvilla, að ákærði er talinn hafa brotið
ákvæði í staflíð j í 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Rétt
var að vísa í i-lið.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða.
Ökuleyfisvæðingu ber að ákveða eftir 1. mgr. sbr. 3. mgr. 102.
gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði ók mjög ölvaður eftir Reykjanesbraut og olli með akstri
sínnum stórfelldu tjóni á líkama og heilbrigði þriggja kvenna, og
verulegu eignatjóni. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 4 mán-
aða fangelsi.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en um áfrýj-
unarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Haukur Ævarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 28. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. desember, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4043/1986: Ákærvaldið gegn Arnari Hauki Ævarssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir dóminum af hálfu ákærvaldsins með ákæru, útgefinni 29. apríl 1987, á hendur Arnari Hauki Ævarssyni sjómanni, nú til heimilis að Vitastíg 6, Hafnarfirði, fæddum 14. september 1964 á Akureyri, fyrir að aka föstudaginn 5. desember 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í-1637 frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur, aka bifreiðinni á þeirri leið suður Reykjanesbraut skammt norðan við Álverið í Straumsvík of hratt miðað við aðstæður, en mjög hált var á veginum, og svo óvarlega, að bifreiðin snerist á veginum og rann í veg fyrir bifreiðina Ö-7015, sem þar var ekið í norðurátt. Við áreksturinn hlutu eftirgreindir meiri háttar áverka:

1. Ingibjörg Gestsdóttir, fædd 5. júlí 1940, farþegi í bifreiðinni Ö-7015, hlaut mikinn brjóstholsaáverka, höfuðkúpubrot og tapaði að mestu leyti sjón á vinstra auga, en auk þess hlaut hún minni háttar áverka.

2. Páll Kristófersson, fæddur 23. desember 1935, ökumaður bifreiðarinnar Ö-7015, hlaut brot á IV. og V. rífi hægra megin, tvo skurði undir hægri hnéskei, annan 10 cm langan, en hinn 5 cm langan, auk minni háttar áverka.

3. Barbara Kjartansdóttir, fædd 29. júlí 1970, farþegi í bifreið ákærða, hlaut samkvæmt áverkavottorði, dagsettu 18. mars 1987, „1) útbreitt heilamar með blæðingum inn í heilahólf, og við brottför er sjúkl. skert andlega með vi. hemiparesu og flogaveik, 2) skurðir og ytri áverkar á höfði, hálsi, rifjabarði og læri hæ. megin. Sjúkl. hefur því hlotið mjög alvarlegan heilaáverka, en á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um batahorfur sjúklings“.

4. Karen Eva Vestfjörð, fædd 25. júlí 1968, farþegi í bifreið ákærða, hlaut samkvæmt áverkavottorði, dagsettu 18. mars 1987, „1) mjög alvarlegt heilamar, sem hefur skert sjúkl. andlega, hún er með spastíska lömun í öllum útlimum, 2) opið framhandleggsbrot á vi. úlnlið, 3) útbreitt mar og skurðir um líkamann... Það er ekki hægt að dæma um framtíðarhorfur sjúkl., eins og er“.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1., 2. og 3. mgr., staflíð j, 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, og hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1979 28/11 í Hafnarfirði: Sátt: 65.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr., 28. gr. og 60. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. í 12 mán. frá 28.11. 1979.
- 1981 15/6 í Hafnarfirði: Sátt: 70 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1982 28/9 í A.-Skaftafellss.: Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 18 mán. frá 26.4. 1982.
- 1984 24/4 í Kópavogi: Sátt: 3.200 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1984 5/11 í Hafnarfirði: Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 12.7. 1984.
- 1985 13/2 í Hafnarfirði: Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1985 14/11 í Hafnarfirði: Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 257. gr. hgl.

Málavextir.

Föstudaginn 5. desember 1986 kl. 14.18 barst lögreglunni í Hafnarfirði tilkynning um harðan árekstur bifreiðanna Í-1637 og Ö-7015 á Reykjanesbraut gegnt Pólarlaxi norðan Álversins í Straumsvík. Ö-bifreiðinni var ekið norður Reykjanesbraut, en Í-bifreiðinni suður.

Við áreksturinn kastaðist Ö-bifreiðin 5 metra út fyrir veg, en Í-bifreiðin skordaðist þversum á hægri vegarhelmingi. Höggið mun aðallega hafa komið á hægri framhorn og hægri hlið Í-bifreiðarinnar, en vinstra framhorn Ö-bifreiðarinnar. Er lögreglumenn komu á vettvang, voru ökumenn bifreiðanna á vappi við þær. Ökumaður Ö-bifreiðarinnar var með áverka á höfði og hruflaður á fótum, en ökumaður Í-bifreiðarinnar mikið blóðugur í andliti og talsvert skorinn á höndum og fótum. Farþegi í Ö-bifreiðinni, Ingibjörg Gestsdóttir, var meðvitundarlaus í bifreiðinni og auðsjáanlega mikið slösuð. Hún er eiginkona ökumanns. Hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans í sjúkrabifreiðinni R-30013. Farþegar í Í-bifreiðinni voru tvær ungar stúlkur, Karen Eva Vestfjörð, f. 25.7. 1968, og Barbara Kjartansdóttir, f. 29.7. 1970. Þær munu hafa kastast út úr bifreiðinni við áreksturinn. Þær voru meðvitundarlausar og voru þær fluttar á slysadeild í sjúkrabifreiðinni G-6108, sem kom á vettvang um leið og lögreglan.

Ökumaður Ö-bifreiðarinnar skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið norður Reykjanesbraut á 70-80 km hraða m.v. klst. Er hann hefði verið rétt norðan Álversins, hefði hann tekið eftir gulri jeppabifreið, sem ekið var suður Reykjanesbraut. Þá hefði hann tekið eftir rauðri bifreið, Í-1637, sem einnig var ekið suður brautina og fram úr jeppabifreiðinni. Sá framúrakstur hefði ekki truflað sig á neinn hátt, en þegar ökumaður Í-1637 hefði verið að aka aftur inn á sinn vegarhelming, hefði bifreiðin byrjað að snúast á veginum og runnið í veg fyrir bifreið sína. Hann kvaðst þá hafa ætlað að aka út af brautinni hægra megin, en það ekki tekist og engum togum skipt, að bifreiðarnar skullu saman.

Í umrætt sinn var Reykjanesbraut mjög hál af ísingu og vont að sjá það, en utan hjólfara smá-snjóruðningar.

Í bifreiðinni Í-1637 fannst axlafull Smirnoff-vodkaflaska, og við bifreiðina voru tvær Coca-Cola-flöskur með vinblöndu í.

Á slysadeild var tekið blóðsýni úr ökumönnum bifreiðanna í þágu rannsóknar málsins. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ökumanns Í-1637, ákærða, 2,23‰, en ekkert áfengi mældist í blóðsýni ökumanns Ö-7015, Páls Kristóferssonar, Urðarbraut 13, Garði.

EKKI var tekin vettvangsskýrsla af ákærða.

Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðarnar á vettvangi. Fram kemur í skýrslum þeirra, að bifreiðarnar voru mjög mikið skemmdar. Um bifreiðina Ö-7015 segir m.a., að stýri hafi verið í lagi, grófir, negldir hjólbarðar að aftan, en hálfslitnir naglahjólbarðar að aftan (sic). Um bifreiðina Í-1637 segir m.a., að stýri hafi verið í lagi og allir hjólbarðar grófmynstraðir, en ónegldir. Rannsóknarlögreglumenn tóku ljósmyndir á vettvangi. Þær upplýsingar fengust frá slysadeild, að stúlkurnar tvær og farþegi Ö-bifreiðarinnar, Ingibjörg Gestsdóttir, væru allar meðvitundarlausar og í lífshættu. Barbara mun hafa setið aftur í Í-bifreiðinni, en Karen Eva frammi í við hlið ákærða. Ekkert þeirra mun hafa verið í öryggisbelti.

Í skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 12.12. 1986 viðurkenndi hann að hafa verið ökumaður Í-1637 umrætt sinn og að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn. Hann kvaðst hafa verið við vín-drykkju nóttina áður, en vaknað í bifreiðinni kl. 9.00 um morguninn uppi í Hvalfirði. Með honum hafi þá verið þær Karen Eva og Barbara. Karen Eva hafi þá verið ökumaður. Hún hafi svo ekið áleiðis í bæinn um morguninn, en þá hafi bifreiðin orðið bensínlaus, hann útvegað bensín og ekið sjálfur í bæinn og farið heim til Karenar Evu. Hann hafi dvalist þar nokkra stund, en síðan farið í leigubifeið á Knattborðsstofuna Snóker, þar sem hann hafi útvegað sér eina flösku af Smirnoff-vodka, farið með hana heim til Karenar Evu og þau byrjað að drekka úr henni. Svo hafi hann og stelpurnar farið á bílnum, komið við í Kastalanum og keypt bland og síðan

haldið áleiðis til Keflavíkur. Hann kvaðst svo hafa ekið suður Reykjanesbraut. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, á hvaða hraða hann ók, en kvaðst þó ekki hafa ekið mjög hratt, enda haft nægan tíma. Hann kvaðst síðan ekki muna, hvað skeði, hvort hann hefði hemlað eða hvort hann hefði séð bifreið á undan sinni bifreið. Hann kvaðst ekki muna eftir Ö-bifreiðinni. Það næsta, sem hann myndi, væri það, þegar hann var að standa upp á götunni. Þá hefði hann ekkert séð fyrir blóði og glerbrotum í augunum. Hann kvaðst hafa skorist mikið í andliti og á höndum og fótum. Hann kvaðst vera eigandi Í-1637, en hann hefði átt eftir að umskrá hana.

Páll Kristján Kristófersson, f. 23.12. 1935, Urðarbraut 13, Garði, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 15.12. 1986. Skýrsla hans af árekstrinum var í samræmi við skýrslu hans á vettvangi. Hann kvaðst ekki hafa verið í öryggisbelti, en það hefði kona sín hins vegar verið.

Eiginkona Páls, Ingibjörg Gestsdóttir, f. 5.7. 1940, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 23.1. 1987 á Borgarspítalanum. Hún kvaðst ekkert muna frá slysinu. Hún komst til meðvitundar um áramót 1986 og 1987. Hún slasaðist á augum og brjóstakassa, og hafði hún nýlega gengist undir augnaaðgerð, er skýrsla var tekin af henni.

Ekki hafa verið teknar skýrslur af stúlkunum tveimur, þeim Barböru og Karenu Evu, enda þýðingarlaust, þar sem þær gera sér enga grein fyrir því, hvað gerðist, og hafa hlotið verulega andlega skerðingu af völdum slyssins.

Í vottorði Auðuns Svavars Sigurðssonar, aðstoðarlæknis á skurðlækn-ingadeild Borgarspítalans, segir m.a. um Ingibjörgu Gestsdóttur, að komið hafi verið með hana meðvitundarlausa og í losti um kl. 15.00 þann 5/12 1986. Síðan segir m.a.:

„Hafði sjúklingur hlotið mikinn brjóstholsáverka og höfuðáverka. Reyndist sjúklingur hafa höfuðkúpabrot, margbrotin rif vi. megin og flail Chest vi. megin auk mikils blóðs í vi. brjóstholi. Eftir að búíð var að leiðrétta lostástand sjúklings var hún meðhöndluð á gjörgæsludeild næstu vikurnar í öndunarvél vegna brjóstholsáverkans. Á þriðju viku kom í ljós, að hún hafði fengið sem afleiðingu af höfuðáverkanum, samgróninga á milli bláæða- og slagæðakerfis í höfði og þann 24.12. 1986 var reynd aðgerð á þessu vandamáli, sem ekki skilaði fullum árangri. Því var endurtekin aðgerð þann 12.1. 1987 og tókst þá að loka samgróningunum á milli æðakerfanna í höfðinu. Sem afleiðingu af þessum samgróningum hafði sjúklingur mikil óþægindi vegna bjúgmyndunar í og við augu, og er hún blind á v. auga að miklu leyti.

Við útskrift er sjúkl. búinn að ná sér að mestu af brjóstholsáverkanum hún er með mikinn bjúg umhverfis vi. auga og getur ekki opnað það auk þess sem hún er blind þar að hluta. Hefur fengið góða sjón á hæ. megin

og getur opnað það auga að mestu. Er mjög óstyrk eftir langa sjúkdómslegu og erfiða og flyst því til endurhæfingar á endurhæfingardeild Borgarspítalans v/Grensásveg.“

Ingibjörg var spurð um afleiðingar slyssins fyrir dómi 25.10. sl. Hún kvaðst enn vera aum við vinstra brjóst. Hún kvaðst hafa misst sjón á vinstra auga, en sjón á því hægra sé skert. Hún kvað ristarbrott hafa komið í ljós síðar, og hafi hún orðið að styðjast við hækju, uns aðgerð var gerð á fætinum, og sé hún ennþá draghölt og með verk í fætinum. Hún kvaðst hafa dvalist á endurhæfingardeild Borgarspítalans fram í apríl 1987 og síðan komið þangað reglulega í eftirlit. Hún kvaðst vera með skerta heyrn á báðum eyrum vegna slyssins.

Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, var ökumaður Ö-bifreiðarinnar, Páll Kristófersson, skorinn á enni, hruflaður á vinstri olnboga og hendi og vinstra hné. Þá var hann marinn um handarbakið, og voru tveir skurðir, 10 cm og 5 cm, undir hægri hnéskel. Þá var hann með rifjabrot á IV. og V. rífi hægra megin. Er Páll var síðast skoðaður á slysadeild 5.1. 1987, var hann hress, en fann þó enn til frá rifjabrotum við hósta og átök. Einnig var hann með vöðvaverki í hálsi og herðum, og hné var stirt. Sár hans litu vel út.

Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar læknis voru meiðsli ákærða þau, að hann var með smáskurði í andliti, sérstaklega kringum augu, 10 cm langan skurð á hægra framhandlegg, sem náði inn í vöðva, og stóra skurði á báðum hnjám. Skurðirnir voru hreinsaðir og saumaðir. ákærði var talinn vinnufær 6.1. 1987.

Í vottorði Bjarna Hannessonar, læknis á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans, segir m.a. varðandi Barböru Kjartansdóttur:

— — —
 „Áverkar sjúkl. voru því: 1) útbreitt heilamar með blæðingum inn í heilahólf og við brottför er sjúkl. skert andlega með vi. hemiparesu og flogaveik, 2) skurðir og ytri áverkar á höfði, hálsi, rifjabarði og læri hæ. megin. Sjúkl. hefur því hlotið mjög alvarlegan heilaáverka en á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um batahorfur sjúklings.“

Í vottorði sama læknis varðandi Karenu Evu Vestfjörð segir m.a.:

— — —
 „Áverkar sjúkl. voru því: 1) mjög alvarlegt heilamar sem hefur skert sjúkl. andlega, hún er með spastíska lömun í öllum útlimum, 2) opið framhandleggsbrott á vi. úlnlið, 3) útbreitt mar og skurðir um líkamann. Sjúkl. mun flytjast til frekari endurhæfingar á endurhæfingardeild Grensásdeildar, og það er ekki hægt að dæma um framtíðarhorfur sjúkl., eins og er.“

Í örorkumati Björns Önundarsonar læknis vegna Karenar Evu Vestfjörð segir m.a.:

„Slasaða er alger hjúkrunarsjúklingur s.s. að framan greinir, inncontinent á þvag og saur, aphasísk og talið að hún skilji lítið af því sem fram fer í kringum hana. Engin von til að þessi kona komist nokkurn tíma til starfa. Ekki verður heldur séð annað en að hún muni þurfa aðstoð á ókominni tíð með athafnir daglegs lífs.

Nokkuð á annað ár er nú liðið frá því að áður nefnt slys átti sér stað og ekki að vænta neins bata á afleiðingum þess. Rétt þykir því að meta nú þá örorku, sem slasaða telst hafa hlotið vegna nefnds slyss.

Frá slysdegi 5.12. 1986....100%.“

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og viðurkenndi hann að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Hann kvaðst hafa verið talsvert ölvaður við aksturinn. Ákærði skýrði frá aðdraganda aksturs síns og áfengisneyslu sinni fyrir akstur. Hann staðfesti lögregluskýrslur og vefengdi ekki niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni því, er úr honum var tekið.

Fyrir dóm hafa komið tvö vitni, Karólína Jósefsdóttir, Kvíholti 4, Hafnarfirði, og Matthías Guðmundsson, Miðvangi 121, Hafnarfirði, og hafa þau greint frá vitneskju sinni um áfengisáhrif ákærða skömmu fyrir akstur.

Hjónin Páll Kristján Kristófersson og Ingibjörg Gestsdóttir, Urðarbraut 13, Garði, sem voru í bifreiðinni Ö-7015, hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði.

Faðir ákærða, Ævar Þórhallsson, Sléttahrauni, Hafnarfirði, kom fyrir dóm og skýrði frá þeim stakkaskiptum, sem orðið hafi á lífsmáta ákærða eftir slysið. Hann hafi farið í áfengismeðferð, hætt að neyta áfengis, stofnað heimili, eignast barn og sé vel látinn af vinnuveitanda sínum og sýni fjármálalega ábyrgð.

Niðurstaða dómsins.

Með játningu ákærða, sem studd er sakargögnum og öðru því, sem fram hefur komið undir rekstri málsins, og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólslákvörðunar á blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, þykir lögfull sönnun vera fyrir því, að ákærði hafi þann 5. desember 1986 ekið bifreiðinni Í-1637 undir áhrifum áfengis frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur og að hafa ekið bifreiðinni á þeirri leið suður Reykjanesbraut skammt norðan við Álverið í Straumsvík of hratt miðað við aðstæður, en mjög hált var á veginum, og svo óvarlega, að bifreiðin snerist á veginum og rann í veg fyrir bifreiðina Ö-7015, sem það var ekið í norðurátt, með þeim afleiðingum, svo sem í ákæru er rakið og fram hefur komið hér að framan.

Brot ákærða telst varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1., 2. og 3. mgr. staflíð j, 49. gr. sbr.

80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976, en nú við 1. mgr. sbr. 3. mgr., 45. gr. 1. mgr. og 2. mgr. staflað h. 36., gr. umferðarlaga nr. 50,1987, er dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940 og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þá ber samkvæmt 102. gr. sbr. 101. gr. síðastnefndra laga, þar sem um ítrekað brot er að ræða og sakir eru miklar, að svipta ákærða ökuleyfi í 4 ár frá 29. janúar 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur því til bráðabirgða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000 þ.m.t. söluskattur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Haukur Ævarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 4 ár frá 29. janúar 1987.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., kr. 30.000, þ.m.t. sölu-skattur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
